

## AUGLÝSING

### um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. **Hafnarfjarðarvegur** frá brúm við Nýbýlaveg suður fyrir Fífuhvamsveg um gjá á Kópavogshálsi (nýlagður vegur nema á svæðinu milli Kópavogsbrautar og Fífuhvamsvegar). Aðalbraut samkvæmt 2. mgr. sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda), nema við innakstur til norðurs rétt sunnan eystri brúar við Nýbýlaveg, þar sem ákvæði 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga gildi (biðskylda). Bann við stöðvun og stöðu ökutækja, bann við framúrakstri. Fyrir sunnan þann stað, sem vegir tengjast í eina akbraut sunnan brúa við Nýbýlaveg sé ekið í báðar áttir, fyrst um sinn ein akrein í hvora átt.
2. **Vegur á vestari gjáarbarmi** (gamli Hafnarfjarðarvegur): Einstefna til suðurs nema milli Hábrautar og Digranesbrúar, en á því svæði er heimilt að aka í báðar áttir. Bann við stöðu ökutækja, bann við framúrakstri norðan Digranesvegar/Borgarholtsbrautar. Vegurinn lokist við Borgarholtsbraut nema fyrir strætisvagna og áætlunarbifreiðir með fasta viðkomu í Kópavogi, þ. e. almenn umferð til suðurs eftir vegi þessum, fram hjá mótum Borgarholtsbrautar, er bönnuð. Umferð um veg þennan hafi stöðvunarskyldu samkvæmt 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga gagnvart umferð um Hafnarfjarðarveg (1. tölul.) og Kópavogsbraut, svo og skal umferð til suðurs norðan Hábrautar hafa stöðvunarskyldu við gatnamót Hábrautar.
3. **Kópavogsbraut**: Bann við vinstri beygju af Kópavogsbraut á Hafnarfjarðarveg.
4. **Tengivegur milli Hafnarfjarðarvegar og Vogatungu**: Einstefna til norðurs (norðausturs). Aðalbrautarréttur samkvæmt 2. mgr. sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga gagnvart umferð um Vogatungu og Hrauntungu.
5. **Hlíðarvegur**. Hlíðarvegur lokist við Hafnarfjarðarveg (algjör lokun).
6. **Vogatunga**: Akstur í báðar áttir (tvístefnuakstur) milli Hlíðarvegar og Digranesvegar. Umferð um Vogatungu njóti aðalbrautarréttar samkv. 2. mgr. sbr. 3. mgr., 48. gr. umferðarlaga fyrir umferð Hrauntungu (sbr. niðurlag 4. töluliðar). Umferð um Vogatungu víki fyrir umferð um Digranesveg samkvæmt reglum 2. mgr. sbr. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga (stöðvunarskylda).
7. **Bráðabirgðavegur milli Digranesvegar og vegar að Félagsheimili**: Vegur þessi lokist við Digranesveg (algjör lokun). Einstefna til norðurs frá Digranesvegarbrú. Bann við framúrakstri.
8. **Skeljabrekka** (áður Dalbrekka): Akstur í báðar áttir (tvístefnuakstur). Umferð um Skeljabrekku skal njóta aðalbrautarréttar samkvæmt 2. mgr., sbr. 3. mgr., 48. gr. umferðarlaga við vegamót Auðbrekku, Álfhólsvegar og vegar að Félagsheimili.

9. **Tengivegir vestan Digranesvegarbrúar:** Bönnuð hægri beygja af nyrðri tengivegi á þann syðri.
10. **Vegur að Félagsheimili:** Umferð um veginn viki fyrir umferð um Skeljabrekku og bráðabirgðaveg 7. (tölul.), sbr. niðurlag 8. töluliðar.
11. **Hraunbraut/Urðarbraut:** Hraunbraut lokist við Urðarbraut (algjör lokun).

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað. Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 30. desember 1971.*

**Sigurgeir Jónsson.**

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 7 22. janúar 1964 um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 40. gr. laga nr. 40 1963 um almannatryggingar, sbr. reglugerð nr. 60 1969.

### 1. gr.

2. gr. orðist svo:

Vikugjöld í hverjum áhættuflokki skulu vera sem hér segir:

Áhættuflokkur	Iðgjöld kr. á viku
1. ....	8
2. ....	11
3. ....	21
4. ....	21
5. ....	32
6. ....	51
7. ....	74
8. ....	106
9. ....	143
10. ....	171

### 2. gr.

Í 3. málsg. 4. gr. komi „2400 krónur“ í stað „1700 krónur“.

### 3. gr.

3. gr. orðist svo:

Fyrir ökumenn bifreiða skal vikugjald vera kr. 11.00 (2. áhættuflokkur).  
Fyrir áhafnir flugvéla skal vikugjald vera kr. 106.00 (8. áhættuflokkur).